

## 5. fundur 06.02.2018 stjórn foreldrafélags GSS '17-'18

### Mættir voru:

Rafn Júlíus Rafnsson og Dominika Kulinska (1.bekkur), Rúnar Birgisson (2.bekkur), Bjarndís Emilsdóttir (3.bekkur), Guðrún Harpa Gunnarsdóttir og Sigrún Anna Jónsdóttir (4.bekkur), Haukur Garðarsson (5-6.bekkur), Anna Reynisdóttir og Páll Aðalsteinsson (7.bekkur), Joanna Szerszen, Berglind Eva Ólafsdóttir og Magnús Vésteinsson (8.bekkur), María Valdimarsdóttir og Dóra Björk Sigurðardóttir (9.bekkur), Kristín Víðisdóttir (10.bekkur)

### Boðuð forföll:

Bjarney Inga Sigurðardóttir og Hrafnkell Thorlacius (3 bekkur)

## 1 Síðasta fundargerð

Farið var yfir [4. fundargerð](#) sem má finna á heimasíðu foreldrafélagsins.

Kristín Víðisdóttir var á síðasta fundi en vantar í upptalningu á hverjir voru mættir.

Skólanefnd hefur ekki birt nýja fundargerð frá síðasta fundi.

## 2 Öskudagur undirbúningur

Búið er að bóka íþróttahús og hafa samband við Snæfell um að fresta æfingum. Gunnar Svanlaugs tekur að sér að stýra skrudgöngu og ætlar hann að fá Haffa Gúnda með sér. Berglind skólastjóri ætlar að tala við íþróttakennara um uppsetningu á þrautabraut í íþróttahúsinu. Eldri krakkar grunnskólans óskuðu eftir því að vera líka með í þrautabrautinni eins og í fyrra.

- Foreldrar yngri krakka (1-5. Bekkur) 16:00-17:30
- Foreldrar eldri krakka (6-10. Bekkur) 17:30 – 19:00

Bekkjjarfulltrúar mæti tímanlega í umsjón með sínum bekkjum Ef þeir geta ekki mætt verða þeir að útvega staðgengla til að tryggja að nægur fjöldi sé í umsjón.

Aðgangseyrir verður, eins og fyrri ár, 500 kr. - og að hámarki 1.000 kr. á fjölskyldu.

Farið var yfir lista af fyrirtækjum sem ætla að taka á móti krökkunum. Haukur tekur að sér að senda lista á Gunna Svanlaugs.

## 3 Önnur mál.

### 3.1 Styrkur vegna skíðaferðar

Lagt til að hækka upphæð í 3.500 kr/barn. Samþykkt einróma.

### 3.2 Námskeið um sjálfsmynd

Óskað var eftir upplýsingum varðandi námskeið um sjálfsmynd. Haukur hefur samband við Berglindi skólastjóra.

Fundi slitið.